



World Rescue – VEGA Kennsluáætlun

Efni: Heimurinn okkar - skiptir máli hvað við gerum?

Viðfangsefni: Enska, umhverfismennt og samfélags- & náttúrufræði

Aldur/ bekkur: Mið- og unglingastig

Stutt lýsing á leiknum:

World Rescue er tölvuleikur innblásinn af sjálfbærum þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í leiknum heimsækir leikmaður Kenya, Noreg, Brasilíu, Indland og Kína. Í þessum löndum hittir leikmaðurinn ungt umhverfissinnað fólk og aðstoðar þau við að leysa ýmis alþjóðleg vandamál eins og landflótta, sjúkdóma, skógareyðingu, þurrka og mengun. Þegar öllu er á botninn hvolft eru það ungir heimsborgarar eins og þú sem hafa vald til að leiða okkur inn í sjálfbærari heim. [Leikurinn](#), [Trailer](#), [Leikreglur](#) & [Persónur](#)



Kynning á verkefninu

Í þessari kennsluáætlun læra nemendur um mikilvægi þess að hugsa vel um náttúruna og umhverfið. Nemendur læra um flóttafólk og lífnaðarhætti þeirra, skaðleg áhrif vatnsmengunnar, mikilvægi Amazon frumskógarins, indverskan landbúnað og loftmengun í Kína. Nemendur þurfa að svara spurningum eins og hvað getum við gert til að draga úr mengun og aukið lífsgæði fólks í heiminum.

Markmið verkefnis:

Að nemendur:

- Að nemendur átti sig á mismunandi heimkynnum mannsins
- Að ekki allir menn lifi við sömu lífsskilyrði
- Að nemendur átti sig á mikilvægi regnskóganna
- Kynnist aðstæðum flóttafólks
- Kynnist sjúkdómum eins og kóleru og matareitrun
- Kynnist endurvinnslu og mikilvægi þess að endurvinna hluti
- Kynnist náttúruhamförum eins og skógareldum og flóðum

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla

Samfélagsgreinar

- Nemendur geti greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum
- Nemendur geti rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Nemendur geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf
- Nemendur geti tekið dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara

Náttúrugreinar

- Nemendur geti tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta
- Nemendur geti dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs
- Nemendur geti rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna
- Nemendur geti rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi
- Nemendur geti aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku
- Nemendur geti gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun
- Nemendur geti tekið dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara
- Nemendur geta tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því.

Enska

- Nemendur geti skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum, netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- Nemendur geti fundið upplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- Nemendur geti flutt tilbúið eða frumsamið efni t.d stutta sögu eða frásögn

Formlegt mat fyrir kennara og nemendur

Fjöldi nemenda og kennslustunda

- 20 nemendur
- 7 x 60 mín kennslustundir

Búnaður og tæki

- Ipad fyrir hvern nemanda með leiknum World Rescue

Undirbúningur kennara

- Hlaða niður leiknum World Rescue í alla þá ipada sem á að nota
- Hlaða niður book creator í alla þá ipada sem á að nota
- Spila leikinn
- Það eru fleiri borð í leiknum en í þessari kennsluáætlun
- Deila upplýsingum með nemendum á google classroom
- Leikurinn er á ensku, búa til [Orðalisti](#)

Skipulag kennslustunda

Fyrsti hluti (ein kennslustund 1x60mín)

Kennslustund 1

- Verkefnið útskýrt fyrir nemendum, fá aðgang að orðalista.
- Nemendur spila borð 1 - 5 í leiknum World Rescue. Í fyrstu 5 borðunum hitta nemendur strákinn Salim sem er sómalskur flóttamaður og býr í flóttamannabúðum í Kenýa.
- Nemendur velja eitt af eftirfarandi verkefnum til að vinna með.
 - Semja barnabók í Book creator um líf barns á flótta sem eignast nýtt líf í nýju landi.
 - Canva bækling þar sem kemur fram hvaða hluti er mikilvægt að hugsa um og útvega þegar tekið er á móti flóttafólki.
 - Glærusýning um líf flóttafólks, af hverju leggur það á flótta? að hverju leitar það í nýju landi? Hvernig gengur flóttafólki að aðlagast nýjum aðstæðum?
 - Kólera hvað er það og hvernig er hægt að koma í veg fyrir að kólera breiðist út á svæðum eins og flóttamannabúðum í Kenýa? **Frjáls skil**
 - Hvernig heldur þú að sé að vera flóttamaður í eigin landi. Hvað ef Norðurland væri óbyggilegt allt í einu, hvert færur við, hvernig yrði tekið á móti okkur, hvað tækjum við með? **Frjáls skil**
- Mundu eftir að leggja metnað í verkefnin þín og vanda vinnubrögð.

5 mínútna samantekt

- Um hvað er leikurinn?



- Hversu langt komstu?
- Var eitthvað sem þú skildir ekki?

Annar hluti (1 kennslustund 1x60mín)

Kennslustund 2

- Nemendur spila borð 6 - 11 í leiknum World Rescue. Núna kynast þau stelpunni Hönnu er einstæð móðir og býr í Noregi. Hún þarf hjálp við að leysa ýmis verkefni.
- Nemendur velja **eitt** af eftirfarandi verkefnum til að vinna með
 - Veldu þér eitt endurvinnanlegt efni og segðu frá hringrás þess á plaggati
 - Gerðu glærusýningu um þekktustu staði Noregs
 - Aflaðu þér upplýsingar um áhrif kvikasilfurs í ferskvatni og búðu til frétt um það. Fáðu samnemanda þinn til að taka þig upp lesa upp fréttina.
 - Gerðu storyboard myndasögu um mikilvægi hreins vatns
- Mundu eftir að leggja metnað í verkefnin þín og vanda vinnubrögð.



5 mínútna samantekt

- Um hvað er leikurinn?
- Hversu langt komstu?
- Var eitthvað sem þú skildir ekki?

- Hvernig ganga verkefnin?

Þriðji hluti (1 kennslustund 1x60mín)

Kennslustund 3

- Nemendur spila borð 12 - 16 í leiknum World Rescue. Hér kynnst þau stelpunni Ama og heimsækja Amazon frumskóginn í Brazéliu. Hún þarf hjálp við að leysa ýmis umhverfisvandamál í skóginum.
- Nemendur velja **eitt** af eftirfarandi verkefnum til að vinna með
 - Búðu til glærusýningu á ensku um Amazon regnskóginn, af hverju eru þeir mikilvægir fyrir lífríkið?
 - Finndu fréttir á netinu um regnskógana, gerðu þína eigin frétt - vertu fréttamaður og taktu myndband af þér taka upp segja frá fréttinni á ensku. Skemmtilegt væri að nota græna vegginn.
 - Á síðustu árum hefur mikið verið talað um skógarelda í Amazon regnskógunum. Árið 2019 var mikið um skógarelda í Brasilíu. Segðu frá þessum skógareldum á ensku og afleiðingum þeirra fyrir fólk og lífríkið í Brasilíu. Frjáls skil.
 - Leitaðu á netinu, hver eru loforð Brasilísku stjórnarinnar varðandi eyðingu skóganna? Hvernig gengur þeim að standa við loforðin sem þeir gefa. Segðu frá því sem þú finnur á ensku? Frjáls skil - þú ræður hvernig þú skilar þessu verkefni.
- Mundu eftir að leggja metnað í verkefnin þín og vanda vinnubrögð.



5 mínútna samantekt

- Um hvað er leikurinn?
- Hversu langt komstu?

- Var eitthvað sem þú skildir ekki?
- Hvernig ganga verkefni?
- Er eitthvað sem þú vilt breyta?

Fjórði hluti (1 kennslustund 1x60mín)

Kennslustund 4

- Nemendur spila borð 17 - 22 Hér ferðast nemendur til landbúnaðar héraðs í Indlandi og aðstoða stelpuna Sanya við hin ýmsu verkefni.
- Nemendur velja **eitt** af eftirfarandi verkefnum til að vinna með. Frjáls skil í öllum verkefnum
 - Segðu frá helstu landbúnaðarafurðum í Indlandi
 - Flóð eru algeng í Indlandi, segðu frá einu slíku flóði og afleiðingum þess fyrir fólk í landinu
 - Í Indlandi eru Himalayafjöllin, segðu frá þeim, fólkinu þar, náttúruhamförum og lífsgæðum.
- Mundu eftir að leggja metnað í verkefni þín og vanda vinnubrögð.

5 mínútna samantekt

- Um hvað er leikurinn?
- Hversu langt komstu?
- Var eitthvað sem þú skildir ekki?
- Hvernig ganga verkefni?

- Er eitthvað sem þú vilt breyta?

Fimmti hluti (1 kennslustund 1x60mín)

Kennslustund 5

- Nemendur spila borð 23 - 27 hér ferðast nemendur til Kína með stráknum Liang. Liang fer að velta fyrir sér loftmengun í landinu.
- Nemendur velja **eitt** af eftirfarandi verkefnum til að vinna með. Frjáls skil á verkefninu
 - Loftmengun í Kína er mikil, eru Kínverjar að gera eitthvað í því að sporna við þessari loftmengun?
 - Með loftmenguninni aukast heilsufarsvandamál í Kína, er verið að bregðast við því? Hverjar eru þínar hugmyndir um úrbætur?
- Mundu eftir að leggja metnað í verkefnin þín og vanda vinnubrögð.

5 mínútna samantekt

- Um hvað er leikurinn?
- Hversu langt komstu?
- Var eitthvað sem þú skildir ekki?
- Hvernig ganga verkefnin?
- Lentir þú í vandræðum einhverstaðar í leiknum? Við hvað? hvar? af hverju?

Sjötti hluti (2 kennslustundir 2x60mín)

Kennslustund 5 & 6

- Horfið á þetta 34 min myndband [Nations United, urgent solutions for urgent times](#) ræðið með kennaranum hvað er sagt um umhverfisvandamál og áhrif þeirra á heiminn.
- Nemendur leggja lokahönd á verkefni sín og skila inn á google classroom
- Ef þú ert búin með öll verkefni, veldu þér þá annað viðfangsefni sem þú ert hugsu yfir eftir leikinn, aflaðu þér upplýsinga um það og segðu frá því.

Hvað hafa nemendur lært - [Sjálfsmat - taktu afrit](#)

Matskvarði kennara

Nafn á nemanda:

	Framúrskarandi	Mjög gott	Gott	Þarfnast frekari þjálfunar	Verulega ábótavant
Ábyrgð og áhugi	Tekur fulla ábyrgð á viðfangsefninu og sýnir því mikinn áhuga	Tekur ábyrgð á viðfangsefninu og sýnir því áhuga	Tekur nokkra ábyrgð á viðfangsefninu en hefði mátt sýna meiri áhuga	Tekur nokkra ábyrgð á viðfangsefninu en sýnir því takamarkaðan áhuga	Tekur litla ábyrgð á viðfangsefninu og sýnir því lítinn áhuga
Vinnusemi	Kom sér alltaf fljótt að verki, virkni í tíma til fyrirmyndar	Kom sér fljótt að verki. Virkni í tíma góð	Kom sér nokkuð fljótt að verki, virkni í tíma nokkuð góð	Var lengi að koma sér að verki, virkni í tíma ekki nógu góð	Var mjög lengi að koma sér að verki, lítil sem engin virkni í tíma
Hegðun	Hegðun til fyrirmyndar. Nemandi var alltaf kurteis og sýndi tillitsemi	Hegðun góð. Nemandi var kurteis og sýndi tillitsemi	Hegðun nokkuð góð. Nemandi var oftast kurteis og sýndi oft tillitsemi	Hegðun ekki nógu góð. Var stundum ókurteis og sýndi ekki alltaf tillitsemi.	Hegðun ekki nógu góð. Var ókurteis og sýndi ekki tillitsemi
Þekking og skilningur	Af verkefninu að dæma er mikil þekking og skilningur á viðfangsefninu til staðar	Af verkefninu að dæma er góð þekking og skilningur til staðar á viðfangsefninu	Af verkefninu að dæma er sæmileg þekking og skilningur á til staðar á viðfangsefninu	Að verkefninu að dæma er lítil þekking og skilningur á viðfangsefninu	Af verkefninu að dæma er lítil sem engin þekking og skilningur á viðfangsefninu
Heimildaöflun	Hefur leitað eftir ýmsum og fjölbreyttum heimildum. Heimildir eru áreiðanlegar	Hefur leitað heimilda, hefur leitað sér viðeigandi upplýsinga	Hefur leitað að nokkrum heimildum. Hefur leitað sér fárra upplýsinga	Hefur leitað að fáum upplýsingum, á erfitt með að afla sér heimilda og vinna úr þeim	Hefur lítið lagt sig fram við að leita að heimildum. Á í miklum erfiðleikum við að afla heimilda og vinna úr þeim
Skipulag og frágangur	Innihald er vel skipulagt og frágangur er mjög góður	Innihald er skipulagt og frágangur góður	Innihald gæti verið betur skipulagt og frágangur er þökkalegur	Innihald er ekki nógu vel skipulagt og frágangur ekki góður	Skipulagi og frágangi er ábótavant

Sjálfsmat	Mjög góð vinna lögð í sjálfsmat	Góð vinna lögð í sjálfsmat	Nokkuð góð vinna lögð í sjálfsmat	Hefði getað lagt betri vinnu í sjálfsmat	Lítill vinna lögð í sjálfsmat
------------------	---------------------------------	----------------------------	-----------------------------------	--	-------------------------------

